



Liberis ehf.
Kt. 691210-0220
Álfabakka 14A
109 Reykjavík

Dagsetning **8. maí 2025**
Málsnúmer MRN25040119

Viðurkenning Liberis ehf. sem fræðsluaðili í framhaldsfræðslu, tímabilið 8.maí 2025 – 8.maí 2028

Vísað er til umsóknar Liberis ehf., kt. 691210-0220, dags. 9.apríl 2025, þar sem sótt er um endurnýjun viðurkenningar sem fræðsluaðili í framhaldsfræðslu.

Mennta- og barnamálaráðuneytið fer með málefni framhaldsfræðslu skv. lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, veitir fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu, sbr. 7. gr. laganna.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur metið umsókn og önnur framlögð gögn um starfsemi Liberis ehf. út frá þeim skilyrðum og viðmiðum sem fram koma í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 og telur fræðsluaðilann uppfylla skilyrði til að hljóta viðurkenningu til að annast framhaldsfræðslu.

Á grundvelli þess er að framan greinir veitir er Liberis ehf., veitt viðurkenning til þess að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára. **Gildistími viðurkenningar er tímabilið 8.maí 2025 – 8.maí 2028.**

Í viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðilans uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Viðurkenning felur hvorki í sér skuldbindingu um fjárframlög úr ríkissjóði til viðkomandi fræðsluaðila eða ábyrgð á skuldbindingum hans. Fræðsluaðili ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Fræðsluaðili skal hafa frumkvæði að því að upplýsa mennta- og barnamálaráðuneytið án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á. Uppfylli fræðsluaðili ekki lengur skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Umsókn um endurnýjun viðurkenningar þessarar þarf að berast mennta- og barnamálaráðuneytinu ásamt fullnægjandi gögnum a.m.k. þremur mánuðum áður en gildistíma hennar lýkur.

F.h. ráðherra
Anna Tryggvadóttir

F.h. ráðherra
Nanna Kristjana Traustadóttir